

Alþjóðabraut

Á alþjóðabraut er lögð áhersla á sögu og menningu helstu viðskiptalanda okkar. Einnig er lögð áhersla á að kynna nemendum helstu alþjóðastofnanir og starfsemi þeirra. Hluti af náminu er að taka þátt í samstarfsverkefnum erlendis með nemendum í öðrum skólum.

Að loknu námi skal nemandi hafa færni til að:

- takast á við frekara nám í hugvísindum, félagsvísindum og öðrum samfélagstengdum greinum á háskólastigi
- greina starfsemi helstu alþjóðastofnana og hlutverk þeirra
- fjalla um samfélög og stofnanir helstu viðskiptalanda Íslendinga
- taka þátt í samskiptum og samræðum á erlendum tungumálum
- lesa í menningu og siði annarra þjóða
- taka þátt í alþjóðlegu samstarfi

Sameiginleg markmið allra brauta eru að nemendur verði færir um að:

- sýna frumkvæði, ábyrgð og umburðarlyndi og beita gagnrýnni hugsun
- meta og skilja menningarleg verðmæti
- gæta jafnréttis á öllum sviðum og efla með sér ríka siðferðisvitund
- meta upplýsingar um samfélagið, umhverfið og náttúruna
- taka þátt í umræðum og rökstyðja mál sitt á málefnalegan hátt
- virða skoðanir annarra og geta leyst verkefni í samvinnu við aðra
- miðla upplýsingum í ræðu og riti, jafnt á íslensku sem og erlendum tungumálum
- geta nýtt sér nýjustu upplýsingatækni til að leysa fjölbreytt verkefni

Námsgreinar á alþjóðabraut:

Námsgrein	Ein
Íslenska	21
Enska	15
Íþróttir	6
Tölvun./upplýsingat.	5
Þriðja mál	15
Danska/Norðurlandamál	10
Saga	10
Viðskiptagreinar	10
Lífsleikni	3
Vérlitun	2
Stærðfræði	15
Enska	10
Náttúruvísindi	10
Saga	5
Alþjóðafræði	10
Landfræði	5
Menningarfræði 1	5

Alþjóðasamskiptalínan samanstendur af 6 mismunandi áföngum, samtals 30 ein, og að auki velja nemendur fjóra áfanga, 20 ein, sem frjálst val.

Alþjóðasamskiptalína

Þriðja mál

Sálfræði

Stjórn málafræði

Alþjóðahagfræði

Menningafræði 2

Lokaverkefni

Val- 4 áfangar